

BORGARRÁÐ 20. september 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands um samsetningu starfsfólks í borgarreknum leikskólum - R18090145

Samkvæmt upplýsingum frá skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar störfuðu 1.335 starfsmenn við menntun og uppeldi barna í borgarreknum leikskólum árið 2017. Til að leitast við að skyggjast nánar inn í samsetningu starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar, legg ég eftirfarandi fyrirspurnir fyrir borgarráð: Hver er heildarfjöldi starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hver er aldursdreifing starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall kvenna á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall karla á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall kvenna á meðal ófaglærðra í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall karla á meðal ófaglærðra í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall fólks af erlendum uppruna á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall fólks af erlendum uppruna á meðal ófaglærðs starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?